

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Reykjum í Ólafsfirði.

*Nýtt deiliskipulag frístundabyggðar.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ólafsfjarðar þann 17. ágúst 2004 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar á Reykjum í Ólafsfirði.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem afmarkast af Reykjaá í suðri, að vestan af Þjóðvegi nr. 82, að norðan af troðningi norðan núverandi sumarhúsabyggðar og nær um 300 m upp í hlíðina frá Þjóðvegi 82. Deiliskipulagssvæðið nær til 9 ha í landi Reykja og er þar gert ráð fyrir 14 frístundahúsalóðum og eru 5 lóðir þegar byggðar. Gert er ráð fyrir allt að 80 m<sup>2</sup> frístundahúsi á hverri lóð auk 20 m<sup>2</sup> smáhýsis.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Ólafsfirði, 22. apríl 2005.*

F.h. bæjarstjórnar Ólafsfjarðar,  
**Stefanía Traustadóttir** bæjarstjóri.